

gerðarþola. Er mótmæli komu fram af hálfu gerðarþola gegn því, að vörzlusvipting færi fram, var það atriði tekið til úrskurðar og kveðinn upp um það úrskurður þess efnis, að vörzlusvipting skyldi fram fara, og er það sá úrskurður, sem gerðarþoli hefur áfrýjað til Hæstaréttar, sjá hér að ofan.

Með tilliti til 198. gr. laga nr. 85/1936 verður að telja, að gerðarþola hafi borið að kæra áður nefndan úrskurð fólga til Hæstaréttar eftir reglum XV. kafla nefndra laga, ef hann vildi ekki við hann una. Gerðarþoli hefur þó skotið úrskurðinum til Hæstaréttar eftir almennum reglum um áfrýjun, og verður ekki talið, að slíkt málskot hindri það, að úrskurðinum verði framfylgt.

Því úrskurðast:

Úrskurði fólga í máli þessu, upp kveðnum 14. þ. m., skal framfylgt skv. kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð.

Mánudaginn 22. nóvember 1954.

Nr. 10/1953. **Gunnar A. Pálsson** (Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Helga Benediktssyni (Sigurður Ólason)

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Meiðyrðamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. jan. 1953 og krafist þess, að hann verði sýkn dæmdur og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 19. febrúar 1953 og krafist þess, að hin átöldu ummæli verði dæmd dauð og ómerk, áfrýjanda dæmd á hendur fésekt fyrir þau svo og dæmt að greiða málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Hin átöldu ummæli eru þessi: „... hann“, þ. e. gagnáfrýjandi, „hefur í mín eyru viðhaft miður vinsamleg orð um mér æðri dómara“. Eigi þarf að skilja þessi ummæli svo, að aðal-

áfrýjandi drótti því að gagnáfrýjanda, að hann hafi viðhaft refsiverð orð um nefnda dómendur. Eins og á stendur, þykja hin átöldu orð ekki eiga að varða aðaláfrýjanda refsingu. Hins vegar eru orðin óviðurkvæmileg, og ber því að dæma þau dauð og ómerk samkvæmt 241. gr. laga nr. 19/1940, enda hafa þau eigi verið sönnuð.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um ómerking ummæla.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2.000,00.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um ómerking ummæla eiga að vera óröskuð.

Aðaláfrýjandi, Gunnar A. Pálsson, greiði gagnáfrýjanda, Helga Benediktssyni, kr. 2.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. desember 1952.

Mál þetta, sem var dómtekið 12. þ. m., hefur Helgi Benediktsson, útgerðarmaður í Vestmannaeyjum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 29. nóvember 1951, gegn Gunnari A. Pálssyni rannsóknardómara, Vesturgötu 28 hér í bæ, út af ummælum stefnda um stefnanda í bréfi, dagsettu 11. s. m. Krefst stefnandi þess, að ummælin verði dæmd dauð og ómerk, stefndi dæmdur til að greiða sekt fyrir þau og til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómara.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að í bréfi, dagsettu 11. nóvember 1951, er stefndi ritaði dr. Einari Arnórssyni hæstaréttarlögmanni og lagt var fram í Hæstarétti, segir svo meðal annars: „— til Helga Benediktssonar og það engu fremur, þótt mér hafi verið sögð ýmis miður vinsamleg ummæli hans um mig, enda tel ég slíkt af hans hálfu ofur sannlegt (sic) og þá ekki sízt, þar eð hann hefur í mín eyru viðhaft miður vinsamleg orð um mér æðri dómara“.

Í stefnunni í máli þessu eru tilgreind innan tilvitnunarmerkja þau ummæli, er stefnandi telur gefa efni til málshöfðunar, og eru þau þar á þessa leið: „miður vinsamleg ummæli um sér æðri dómara“. Þrátt fyrir þetta misræmi þykir rétt að líta svo á, að í stefn-

unni sé átt við síðustu sjö orðin, sem tilgreind voru úr bréfi stefnda. Telur stefnandi, að í þeim felist ærumeiðandi aðdróttun, og séu þau auk þess tilhæfulaus og ósönn.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hin tilfærðu ummæli séu á engan hátt meiðandi, en jafnframt telur hann, að stefnandi hafi bæði í blöðum og bréfum farið um sig slíkum orðum, að ummæli sín ættu að vera refsilaus, þótt talin yrðu meiðandi.

Ummæli stefnda, þau er mál þetta reis af, þykja þannig löguð, að rétt er að taka til greina kröfu stefnanda um ómerkingu þeirra, en hins vegar þykir ekki alveg næg ástæða til að refsa stefnda fyrir þau, og verður hann því sýknaður af refsikröfunni. Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Framangreind ummæli eru ómerk.

Að öðru leyti skal stefndi, Gunnar A. Pálsson, vera sýkn af kröfum stefnanda, Helga Benediktssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 24. nóvember 1954.

Nr. 133/1953. Ottó B. Arnar (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Birni Ólafssyni (Jón N. Sigurðsson)

og gagnsök.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Kaupkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. september 1953. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. október 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Krefst hann þess,